

Haustverkin

Gefið af Ágúst Sigurðsson
föstudagur, 30 september 2016

Hjörvar og Dropi frá Kirkjubæ á LM 2016/Ljósm. J. Mukka

Nú eru haustverkin í algleymingi og framundan eru frumtamningar og skemmtilegheit. Að þessu sinni verður mikil samvinna í þeim efnum. Hanna Rún og Elvar Þormars munu leggja saman kraftana við frumtamningar á tryppum sem fara á 4 vetur frá Kirkjubæ og Strandarhjáleigu næstu vikurnar. Hjörvar er hins vegar í Sviss við tamningar fram í miðjan nóvember. Síðan er af spennandi vetur framundan með efnileg hross í röðum!

